

Mál nr. 2

Knattspyrnudeild UMF. Leiknis, Fáskrúðsfirði gegn Knattspyrnudeild Hugins/Hattar

Kæra Leiknis F.

Knattspyrnudeild UMF. Leiknis, Fáskrúðsfirði, kt: 480589-2549 leggur hér með fram kæru vegna leiks Hugins/Hattar og UMF. Leiknis, Fáskrúðsfirði, í 3. deild karla, D-riðli þann 29. júlí á Egilsstaðavelli.

Leikmaður Hugins/Hattar, Aðalsteinn Ingi Magnússon, kt: 080378-3199, var vísað af leikvelli í leik Leiknis og Hugins/Hattar í 3. deild karla, D-riðli þann 8. júlí 1999. Síðan þá hefur Aðalsteinn ekki tekið út leikbann, en samkvæmt 5. gr. starfsreglna aganefndar KSÍ nr. 2. skal leikmaður sem vísað er af leikvelli, fara sjálfkrafa í leikbann sem hér segir:

1. brottvísun sjálfkrafa bann í 1 leik.....

Samkvæmt meðfylgjandi útskrift af úrslitum í 3. deild karla D 1999 var Þrótti N. dæmdur sigur í leik sínum við Hugin/Hött þann 16.07.1999 þar sem Aðalsteinn lék leikinn með Hugni/Hetti á Egilsstaðavelli.

Aðalsteinn hefur leikið alla leiki með Hugni/Hetti síðan þetta allt gerist þ.e. eftirfarandi leiki skv. meðfylgjandi afritum úr gangagrunni KSÍ á internetinu:

22.7.1999 Einherji – Huginn/Höttur

29.7.1999 Huginn/Höttur – Leiknir

Það er mat okkar að Aðalsteinn Ingi Magnússon hafi verið ólöglegur í leiknum við Leikni þann 29.07.1999 þar sem hann hefur ekki tekið út leikbann eftir að hafa verið vikið af leikvelli gegn Leikni þann 8.07.1999.

Á þessum forsendum förum við fram á að Leikni á Fáskrúðsfirði verði dæmdur sigur í leik Hugins/Hattar gegn Leikni Fáskrúðsfirði þann 29.07.1999.

Virðingarfyllst,

f.h. Knattspyrnudeildar UMF. Leiknis, Fáskrúðsfirði

Jón Kjerúlf, gjaldkeri Knattspyrnudeildar Leiknis og starfandi formaður.

Úrskurður Knattspyrnudómstóls Austurlands

Ár 1999, fimmtudaginn 18. ágúst kemur saman að Strandgötu 53 á Eskifirði, Knattspyrnudómstóll Austurlands. Dóminn skipa Gísli M. Auðbergsson settur dómsforseti ásamt meðdómendum Valgeiri Kjartanssyni og Alberti Eymundssyni.

Fyrir er tekið kærumál nr. 2/1999 Umf. Leiknir gegn Hugni/Hetti og kveðinn upp eftirfarandi dómur.

Kæruefni

Með bréfi dags 5. ágúst 1999 kærði Umf. Leiknir Huginn/Hött. Kæruefnið lýtur að því að í leik liðanna í 3. deild karla í D-riðli í knattspyrnu sem fram fór þann 29. júlí 1999 á Seyðisfjarðarvelli hafi lið kærða verið ólöglega skipað. Leikmaðurinn Aðalsteinn Ingi Magnússon hafi í leik Leiknis og kærða á Fáskrúðsfjarðarvelli þann 8. júlí 1999 fengið rautt spjald og verið vísað af leikvelli. Leikmaðurinn hafi því átt sjálfkrafa að fara í leikbann í einn leik en hann hafði hins vegar leikið alla leiki kærða síðan, þannig að hann hafði aldrei tekið út leikbannið. Kærandi telur að vegna þessa hafi leikmaðurinn verið ólöglegur í umræddum leik málsaðila og vísar því til stuðnings til 5. gr. starfsreglna aganefndar KSÍ.

Kröfur kæranda eru þær að kærandi verði dæmdur sigur í umræddum leik málsaðila.

Málstaður kærða

Kærði byggir mál sitt á því að Aðalsteinn Ingi hafi tekið út leikbannið í leik kærða og Íþróttafélagsins Þróttar þann 16. júlí 1999, en kærða hefur verið dæmdur ósigur í þeim leik vegna þess að lið kærða hafi þá verið ólöglega skipað umræddum leikmanni. Aðalkrafa kærða er að hafnað verði kröfu kæranda og úrslit hins kærða leiks verði látin standa. Varakrafa kærða er að dæmt verði að leikurinn skuli skipaður að nýju.

Málavextir

Með dómi dómstóls KSÍ uppkveðnum þann 16. ágúst 1999 í málinu nr. 1/1999, var staðfestur dómur knattspyrnudómstóls Austurlands frá 29. júlí 1999 í málinu nr. 1/1999, Íþróttafélagið Þróttur gegn Hugni/Hetti. Leikur þeirra liða sem fram fór þann 16. júlí á Egilsstaðavelli í 3.deild karla D-riðli knattspyrnu, var ógiltur, og Íþróttafélaginu Þrótti dæmdur sigur 3-0 á grundvelli þess að einn leikmaður Hugins/Hattar, Aðalsteinn Ingi Magnússon, hafi í næsta leik á undan verið vikið af leikvelli og því sjálfkrafa verið í leikbanni í umræddum leik.

Eftir þetta hefur lið kærða leikið eftirtalda leiki: Þann 29. júlí 1999 við Umf. Leikni, þann 6. ágúst 1999 við Íþróttafélagið Þrótt, þann 10. ágúst 1999 við Einherja og loks þann 14. ágúst við Umf. Leikni. Í þeim var liði skipað framangreindum leikmanni. Aganefnd KSÍ hefur ekki fjallað um mál umrædds leikmanns.

Niðurstöður

Í máli þessu reynir á það hvort Aðalsteinn Ingi Magnússon, leikmaður kærða, hafi átt að vera í leikbanni í hinum kærða leik.

Leikbann getur orðið með tvennum hætti á grundvelli ákvörðunar aganefndar KSÍ eða sjálfkrafa skv. reglu greinar 5.2. í starfsreglum aganefndar KSÍ. Dómstóll þessi hefur ekki vald til að úrskurða menn í leikbann.

Fyrir liggur að frá 8. júlí 1999 hefur aganefnd ekki úrskurðað umræddan leikmann, Aðalstein Inga Magnússon í leikbann.

Í fyrirnefndri grein 5.2. segir: “Leikmaður sem vísað er af leikvelli skal fara sjálfkrafa í leikbann sem hér segir: 1. brottvísun sjálfkrafa bann í 1 leik”. Dómstóllinn telur að útilokað sé að túlka ákvæðið öðruvísi en svo að það skuli vera næsti leikur eftir að viðkomandi er vikið af velli. Leikur sá sem hér er kærður var þriðji leikur liðs kærða frá því að Aðalsteini Inga var vikið af velli.

Dómstóllinn telur að sé ekki lagagrundvöllur fyrir því að Aðalsteinn Ingi hafi átt að vera í leikbanni í hinum kærða leik, án þess að til komi úrskurður aganefndar KSÍ.

Skv. framansögðu telur dómstóll ekki unnt að fallast á kröfur kæranda.

Dómsuppsaga þessi hefur dregist vegna þess að ákveðið var að bíða niðurstöðu dómstóls KSÍ í málinu nr. 1/1999, Huginn/Höttur gegn Íþróttafélaginu Þrótti sem kveðinn var upp þann 16. ágúst 1999.

Dómsorð

Huginn/Höttur skal vera sýkn af kröfum kæranda í máli þessu. Úrslit leiks Hugins/Hattar og Umf. Leiknis í 3. deild knattspyrnu karla D-riðli sem fram fór þann 29. júlí 1999 á Seyðisfjarðarvelli, skulu standa óhögguð.

Gísli M. Auðbergsson
Albert Eymundsson
Valgeir Kjartansson